

— *Brjef landshöfðingja til biskupsins um endurgjald uppí skuld kirkju til prests.* 224
 — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefum frá 16. og 21. p. m. fellst jeg á, 23. des. að fyrrverandi prestur að Hofi í Álptafirði, præp. honor. sjera Þórarinn Erlendsson fái árlega frá fardögum 1882 og um næstu 10 ár, ef hann lifir svo lengi, 25 kr. árlega af hreinum tekjum Hálskirkju í Hamarsfirði, eða mest 250 kr., allt uppí þá 507 kr. skuld, sem tjeð kirkja var í við hann, þá er hann skilaði henni af sjer.

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um barnaskólann á Akureyri.* — Samkvæmt því, sem tekið er fram í 2 brjefum yðar, 27. des. herra amtmaður, frá 12. ágúst og 18. okt. p. á. og fylgiskjölum þeirra, hafa nokkur undanfarin ár verið kennarar við barnaskólann á Akureyri, sem hafa haft 120—130 kr. í laun um mánuðinn, en nú hefir það verið afráðið, að á komandi vetri skyldi ekki vera nema 1 kennari við barnaskólann með 60—80 kr. kaupi um mánuðinn, og hafa laun þessi verið veitt með hinum árlegu fjárhagsáætlunum bæjarins, er samþykktar hafa verið af amtinu, en það hefir verið vanrækt, að leita æðri úrskurðar á þessari fjárveitingu samkvæmt 25. grein reglugjörðar 29. ágúst 1862, og hafið þjer nú, herra amtmaður, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar leitað úrskurðar míns um tjeð laun.

Af brjefi bæjarfógetans frá 15. okt. p. á. sjest, að tala barna þeirra, sem kennslu njóta í skólanum á Akureyri, hafi undanfarin ár verið um 20, en að nú geti þau að eins orðið um 10. Tölur þessar eru furðanlega litlar, þegar þær eru bornar saman við fólksfjölda bæjarins, og vil jeg því, um leið og jeg samkvæmt 20. grein auglýsingar 22. febr. 1875 fellst á, að bæjarstjórnin verji allt að 130 kr. mánaðarlega til launa handa kennurunum við barnaskólann, skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir bæjarstjórninni, að það sje skylda hennar, að sjá í sameiningu við hlautaðeigandi sóknarprest um það, að öll börn í umdæmi bæjarins fái hina lögboðnu uppfræðingu; sbr. 4. grein laga 9. janúar 1880 (A. 2.)

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um kostnaðinn við sendingu á sýsluskjölum til landsskjalasafnsins.* — Út af fyrirspurn yðar, 27. des. herra amtmaður, í brjefi frá 7. október p. á. vil jeg tjá yður, að sýslumenn þeir, er hafa sent hingað á síðastliðnu sumri skjalasöfn sín, hafa haft undir þau koffort, er þeir hafa tekið aptur, þegar búið var að taka úr þeim skjölin, og fæ jeg ekki sjeð, að niðurlag 4. greinar auglýsingar 3. apríl p. á. (B. 54) eigi við kostnaðinn við að smíða kassa utanum skjöl þau og bækur, sem gjört er ráð fyrir að sendar verði í landsskjalasafnið.

— *Brjef landshöfðingja til yfirskattaneðdarinnar í Mýrasýslu um tekjuskatt af arði af prestssetri.* — Í þóknanlegu brjefi frá 18. okt. p. á. hefir yfirskattaneðdin tjáð 28. des. mjer álit sitt um erindi sjera Jónasar Guðmundssonar á Staðarhrauni, þar sem hann ber sig upp undan því, að hann hafi verið krafinn um tekjuskatt af arðinum af jörðunni Staðarhrauni með hálfum Hvaleyjum, Gömlueyri og upprekstrarlandi Hítardals, þó tekjur hans af fasteignum þessum renni beinlinis til hans og því virðast undanþegnar tekjuskatti samkvæmt niðurlagi 5. gr. í tekjuskattslögum 14. des. 1877 (A. 23.)

Fyrir því vil jeg nú, um leið og jeg skírskota til brjefa landshöfðingja frá 11.